

# Reglugjörð

82  
23. nóv.

um

## skemtanaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918 skal skatt greiða af skemtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Hafnarfirði, og aðganga er seld að.

### 2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar, og flokkast þannig:

#### 1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

#### 2. flokkur:

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að, en ekki eru taldar sjer-staklega.

### 3. gr.

Af skemtunum þeim, sem heyra undir 1. flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%.

### 4. gr.

Undanþegin skemtanaskatti er alþýðufræðsla Stúdentafjelagsins, meðan henni er haldið uppi á líkan hátt og að undanförmu, svo og alþýðufyrirlestrar, ef aðganga að þeim eigi er seld hlutfallslega dýrari en að alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. — Ennfremur eru undanþegnar skemtanaskatti þær skemtanir, sem fjelög eða einstakir menn gangast fyrir í góðgjörðaskyni, eða til styrktar málefna til almenningsheilla.

82  
23. nóv.

Af innanfjelogsskemtunum, sem aðeins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist ekki skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á reglugjörð þessari, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2 flokki og sekt samkvæmt 9. gr.

#### 5. gr.

Hver sem halda vill skemtun, er aðganga er seld að, skal, að fengnu leyfi lögreglustjóra til að halda skemtunina, tilkynna bæjarstjóra hvar og hvenær skemtunin skuli haldin.

#### 6. gr.

Áður en byrjað er að selja aðgöngumiða, skulu þeir taldir og stimplaðir á skrifstofu bæjarstjóra. — Enga aðgöngumiða má selja óstimplaða, og aðgang má heldur eigi selja án þess að aðgöngumiðar sjeu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fullt andvirði þeirra.

Um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir, skal færa í þar til gjörða bók tölu þeirra og verð, og reikna út upphæð skattsins. — Seljist ekki allir aðgöngumiðarnir, skal afgangur þeirra afhentur á skrifstofu bæjarstjóra, og dregst þá frá skattur af þeim aðgöngumiðum, sem óseldir eru. — Á hvern aðgöngumiða skal prentað verð hans.

#### 7. gr.

Bæjarstjóri annast um innheimtu skattsins. — Gjaldalagi skemtanaskatts er næsti virkur dagur eftir að skemtunin er haldin.

#### 8. gr.

Skemtanaskattur rennur í bæjarsjóð, og skal honum fyrst um sinn varið til bókasafns kaupstaðarins, en breyta má þessu með fundarályktun bæjarstjórnar.

#### 9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 100 til 1000 krónum.

Sje brotinu þannig háttað, að dregið hafi verið undan að greiða skemtanaskatt, skal sektin ákveðin sem svarar minst fjórföldum þeim skatti, er undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur fyrir hverja skemtun. — Mál, sem rísa út af brotum á reglugjörðinni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30<sup>23</sup> 23. nóv. frá 19. júní 1922, til að öðlast gildi 1. desember þ. á., og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. nóvember 1922.

**Sig. Eggerz.**

*St. Gunnlaugsson.*

## **Reglugjörð**

um

### **smáskipapróf.**

83

Samkvæmt 7. og 8. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, eru settar eftirfarandi reglur um það, hvernig haga skuli prófi þeirra manna, sem æskja að verða stýrimenn og skipstjórar á skipum, sem eru milli 12 og 60 rúmlesta brúttó.

#### **1. gr.**

Hver sá, sem ekki hefir leyst af hendi fiskimannapróf eða farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, en æskir að verða stýrimaður eða skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, frá 12—60 rúmlestir, skal afhenda formanni prófnefndar þeirrar, er getur um í 5. grein reglugjörðar þessarar, skriflega beiðni um að mega ganga undir smáskipapróf og láta beiðninni fylgja þessi vottorð:

1. Kunnáttuvottorð, þess efnis, að sá eða þeir, sem umsækjandi hefir notið tilsagnar hjá, álíti hann hafa næga þekkingu til að ganga undir prófið.
2. Sjóferðavottorð um það, að hann hafi verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði.

Allan siglingatíma eftir 16 ára aldur á skipum yfir 12 rúmlestir, skal sanna með sjóferðabók.

3. Sjónarvottorð um það, að sjón hlutaðeiganda sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn, en sú sjón má eigi vera minni en  $\frac{1}{9}$  á öðru auga og á hinu auganu minst  $\frac{1}{24}$  án glerja; svo verður hlutaðeigandi og